

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2011, miðvikudaginn 31. ágúst 2011. júlí 2011, kl. 16,00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Brynjari Níelssyni og Lúðvík Erni Steinarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 3/2011

Knattspyrnudeild Þórs

gegn

Aga og úrskurðarnefnd K.S.Í.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

dómur

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Brynja Níelsson og Lúðvík Örn Steinarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður Aganefndar var kveðinn upp 16. ágúst 2011, þar sem knattspyrnudeild Þórs var dæmd til greiðslu peningasektar að fjárhæð kr. 35.000 vegna atburðar sem átti sér stað í leik áfrýjanda og KR í úrslitum Valitorsbikar karla, sem fram fór á Laugardalsvelli 13. ágúst 2011.

Með áfrýjunarskjali dagsettu 23. ágúst 2011, krefst Unnsteinn Jónsson formaður knattspyrnudeildar Þórs, þess fyrir hönd áfrýjanda að hinum kærða úrskurði verði hrundið.

Stefndi krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Aga og úrskurðarnefnd K.S.Í. byggir hina áfrýjuðu niðurstöðu á grein 13.9.4. í reglugerð K.S.Í.

Í hinni tilvitnuðu grein kemur fram að ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum sé heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að 50.000 kr. Teljist brot alvarlegt, eða ef um ítrekun sé að ræða megi auk þess setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra teljist tryggt.

Í áfrýjunarskjali kemur fram að öryggisgæsla á Laugardalsvelli hafi alfarið verið í höndum K.S.Í. Áfrýjandi fái því ekki séð hvernig hann hefði getað komið í veg fyrir atvik sem þetta. Kveður áfrýjandi að aðili sá sem kveikti á blysinu hafi ekki verið félagsmaður í Þór, heldur tilheyrt félagi af Reykjavíkursvæðinu. Slíkt liggja fyrir í skýrslu sem tekin var af viðkomandi hjá lögreglu.

Á grundvelli þessa mótmælir áfrýjandi því að sá sem á blysinu kveikti sé félagsmaður Þórs sem áfrýjandi beri ábyrgð á. Mótmælir áfrýjandi því að hann beri ábyrgð á því hvað áhorfendur á hlutlausum velli, sem lýtur öryggisgæslu K.S.Í.

Í máli þessu liggur ekkert fyrir um það að stuðningsmaður Þórs hafi á leik liðsins við KR, þann 13. ágúst 2011 haft í frammi vítaverða hegðun gagnvart leikmönnum, dómurum, eða þjálfurum sem áfrýjandi beri ábyrgð á og réttlætt geti sekt samkvæmt gr. 13.9.4. í reglugerð K.S.Í. um Aga- og úrskurðarmál. Hins vegar liggur fyrir að á blysum var kveikt meðan á leiknum stóð og jafnframt að öryggisgæsla á leiknum var í höndum K.S.Í. Er því engin heimild til þess hins vegar að mati dómsins að refsá áfrýjanda sérstaklega vegna þessarar háttsemi.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að hinum áfrýjaða úrskurði skuli hrundið.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða úrskurði er hrundið.

Sigurður G. Guðjónsson

Brynjar Níelsson

Lúðvík Örn Steinarsson